

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarskeið 65.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 18. desember 2017 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, sem samþykkt var í bæjarstjórn 23. febrúar 2017.

Í breytingunni felst að 1,4 ha svæði við Hafnarskeið 65 er breytt úr hafnarsvæði (H0) í verslunar- og þjónustusvæði (V4). Gert er ráð fyrir hótél- og veitingarekstri í tengslum við ferðaþjónustu. Jafnframt er gert ráð fyrir vatnsbóli á svæðinu sem mun víkja þegar svæðið hefur tengst vatnsveitu Þorlákshafnar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 18. desember 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2018